

1868. 13. febrúar. Gísli aðjunkt Magnússon og Jón aðjunkt Þorkelsson, hafi sagzt fúsir á að takast á hendur að semja kennslubókina fyrir 16 rd. þóknun fyrir hverja örk, og hafi þeir ætlazt á, að hún mundi verða hërumbil 6 arkir að stærð og orðasafnið 3 eða 4 arkir, svo að kverið allt yrði 9 eða 10 arkir. Að því er snertir prentun kennslubókarinnar hafið þér hugsað yður, að ef stipts-prentsmiðjan fengi handritið veitt gefins, mundi hún verða skaðlaus af að taka að sér að gefa kverið út, og geta selt það með sanngjörnu verði, og hafið þér því stungið uppá, að kennslubókin verði gefin út á þenna hátt, þó með þeim skilmála, að hún megi ekki fara fram úr 10 örkum alls, og að borgun fyrir prófarkalestur verði einnig fólgin í hinni umgetnu 16 rd. þóknun fyrir örkina.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni, og skal greiða þá 160 rd., sem til þessa þarf, af þeim 4000 rd. til óvissra gjalda handa Íslandi, er væntanlega munu verða veittir í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1868—69.

29. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld útgefanda „Íslendings“ til prentsmiðjunnar í Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað danska útleggingu af nýju sáttaboði, er útgefendur „Íslendings“ hafa gjört til lúkningar skuldar þeirra við landsprentsmiðjuna í Reykjavík; fer boð þetta fram á, að þeir skuldbindi sig til að borga prentsmiðjunni 100 rd. hver, áður en ár sé liðið frá því að þeir hafi fengið fregn um, að fallizt sé á sáttaboð þeirra, en að það sem enn er óselt af blaðinu og allar óborgaðar skuldir hjá kaupendum þess verði aptur þeirra eign. Hafið þér lagt fram með, að yður verði veitt heimild til að ganga að sáttaboði þessu fyrir hönd prentsmiðjunnar, þannig, að kvitta

megi fyrir skuld þá, er hún á hjá útgefendum „Íslendinga“, 1868.
 og 28. septembermán. f. á. var komin niður í 956 rd. 34 sk., 29. febrúar.
 undir eins og búið er að borga prentsmiðjunni upphæð þá,
 sem boðin er, alls 700 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið eptir atvikum er því ekki mótfallið, að útgefendur „Íslendinga“ komist úr skuld sinni við landsprentsmiðjuna á þann hátt, að þeir skuldbindi sig á löglegum sáttafundi einn sem allir og allir sem einn til að greiða prentsmiðjunni 700 rd. áður en ár sé liðið frá því að sáttasamningurinn var gjörður, og má þá kvitta fyrir skuld þeirra til prentsmiðjunnar, þegar þeir eru búnir að greiða henni tæða upphæð.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fjölgun póstferðanna í hans umdæmi.

12. marz.

Útaf bréfi yðar, herra amtmáður, dagsettu 5. nóvembermán. f. á., um fjölgun póstferðanna í umdæmi því, er þér eruð settir yfir, hefir stjórnarráðið í dag ritað stiptamtmaninum yfir Íslandi á þá leið, er sjá má á meðfylgjandi eptirriti.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins:

Í bréfi dagsettu 15. októbermán. 1866, er fylgir hér með í eptirriti, sókti amtmáðurinn yfir vesturumdæminu um leyfi til að koma á bæði þremur nýjum póstgöngum á ári milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og líka sex póstgöngum á ári milli prestssetursins Kvennabrekku í Dalasýslu og Hlaðhamars í Strandasýslu, og ætlaðist hann á, að kostnaðurinn til þessara póstferða mundi verða hærumbil 120 rd. á ári. Útaf bænarskrá, er alþingismennirnir fyrir Ísafjarðar-, Barðastrandar-, Stranda- og Dalasýslu höfðu sent tæðum embættismanni, um fjölgun póstganganna milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og um nýja póstgöngu um Vestur-Ísafjarðarsýslu og milli Hrútafjarðar og Barðastrandar-